



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

ÍSLE1GA05 (Grunnur A)

Kennari/kennarar:	Stefán Hannesson , stefanhannesson@fsu.is
-------------------	--

Áfangalýsing:

Áfanginn er undirbúningsáfangi undir frekara nám í íslensku og ætlaður þeim sem raðast ekki beint á 2. hæfniprep.

- Ritun: Nemendur vinna skrifleg verkefni og þjálfast í að semja innihaldsríkar málsgreinar og styttri ritun, s.s. efnisgreinar af ýmsu tagi.
- Lestur: Nemendur lesa smásögur, Íslendingaþátt, þjóðsögur, goðsögur, nytjatexta og skáldsögu.
- Málnotkun: Nemendur þjálfast í að beita tungumálinu á margvíslegan hátt, s.s. með skapandi verkefnum, framsögn og ritun. Grunnatriði í málfræði rifjuð upp.
- Framsögn: Nemendur þjálfast í að tjá sig fyrir framan áheyrendur.

Undanfari: Einkunn C eða D í íslensku á grunnskólastigi.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum í ritgerðarsmíð
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- mismunandi lestraraðferðum
- nokkrum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem nýtast við umfjöllun um bókmenntir

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- skrifa ýmsar tegundir texta í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- nýta algengustu hugtök í málfræði til að bæta eigin málfærni
- beita mismunandi blæbrigðum og málsmíði í tal- og ritmáli
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni

- lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda
- skilja algengt líkingamál og orðatiltæki

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málhari
- beita einföldum blæbrigðum í málnotkun til að forðast einhæfni og endurtekningar
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar textum
- sýna þroskaða siðferðisvitund og víðsýni í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum

Námsefni:

- Skáldsagan *Án filters* eftir Björgvin Pál Gústavsson og Sölva Tryggvason.
- Efni frá kennara.
- Annað efni sem kennari útvegar eða vísar á, s.s. af vef eða á bókasafni skólans.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dags.	Viðfangsefni
6. – 9. janúar	Áfangi kynntur. Stutt verkefni.
12. – 16. janúar	Hver er ég? Glærusýning og verkefni. Verkefni 1 skilað.
19. – 23. janúar	Smásögur. Smásagan EINHETTI eftir Einar Kárason. Unnið með sjónarhorn. Verkefni 2 skilað.
26. – 30. janúar	Smásögur. Unnið með myndmál og byggingu. Verkefni 3 og 4 skilað.
2. – 6. febrúar	Kaflí 2: Smásögur. Unnið með tíma, umhverfi, sögusvið og persónur. Verkefni 5 og 6 skilað. Próf - smásögur og bókmenntahugtök.
9. – 13. febrúar	Sagan Án filters , inngangskafli og bls. 7-50. Umræður, verkefni og krossapróf.
16. – 20. febrúar Kátir dagar og Flóafár 18. -20. febrúar	Sagan Án filters , bls. 51-114. Umræður, verkefni og krossapróf.
23. – 27. febrúar	Sagan Án filters , bls. 115-156. Umræður, verkefni og krossapróf. Ritgerðarvinna hefst.
2. – 6. mars	Verkefnum lokið og ritgerðarvinna heldur áfram.
9. – 13. mars	Ritgerðarvinna og skil.
16. – 20. mars	Málnotkun og málfar. Verkefnavinna og könnun.
23. – 27. mars	Málnotkun og málfar. Verkefnavinna og könnun.
30. mars – 3. apríl Páskafrí	
6. – 10. apríl 6. apríl páskafrí	Bókmenntir fyrri alda. Gamla íslenskar sögur. Þjóðsögur.
13. – 17. apríl	Bókmenntir fyrri alda. Íslendingasögur.
20. – 24. apríl Sumardagurinn fyrsti 23. apríl	Bókmenntir fyrri alda. Snorra-Edda og Þrymskviða. Próf.
27. apríl – 1. maí Verkalýðsdagurinn 1. maí	Kynningar. Kynningar undirbúnar í kennslustundum og heima.
4. – 8. maí	Kynningar fara fram.
11. – 15. maí Síðasti kennsludagur 13. maí	Uppsóp.

Sérreglur áfangans:

Vinna nemenda fer fram bæði í tímum og heima. Gert er ráð fyrir mikilli samvinnu nemenda í tímum. Öll verkefni skal tölvuvinna og því þurfa allir nemendur að mæta með fartölvur. Ekki má vinna verkefni í síma. Fjölbreytt leiðsögn og námsmat er nýtt til að hjálpa nemendum að átta sig á stöðu sinni með framþróun í huga. Mikilvægt er að skila öllum verkefnum á tilsettum tíma. Ekki er hægt að skila verkefnum eftir að kennari lokar á skil. Brýnt er að nemendur ástundi góð vinnubrögð og sinni náminu jafnt og þétt alla önnina til að viðhlítandi árangur náist. Notkun síma er ekki leyfð nema þegar slík notkun er þörf vegna sérstakrar verkefnavinnu.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Smásögur og bókmenntir	Próf og verkefni	20%
Án filters	Próf og verkefni	40%
Eldri bókmenntir	Próf og verkefni	20%
Valverkefni	Verkefni	10%
Málnotkun	Verkefni	10%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hverrar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.

- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 6. janúar 2026,

Stefán Hannesson.